

til að fara með mál þetta fyrir bæjarþingi Siglufjarðar, enda hefur ekkert komið fram í málinu, sem veikir þá staðhæfingu eða gerir hana tortryggilega. Ber því að hrinda framkominni frávísunarkröfu.

Þess skal getið, að dráttur sá, er orðið hefur á uppkvaðningu þessa úrskurðar, stafar af fjarveru dómars.

Friðjón Þórðarson, settur bæjarfógeti, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa stefnda verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 26. maí 1952.

Nr. 172/1951. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

Osmond Johanson (Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdómur er kveðinn upp af Kristjáni Steingrímssyni, bæjarfógeta í Neskaupstað, og samdómendunum Jakob Jakobssyni og Pétri Waldorff.

Friðrik Ólafsson, forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík, hefur markað á sjóupprátt stað dufls þess, sem varðskipið Ægir setti út við togarann Cardiff Castle kl. 3.39 að morgni 15. ágústmánaðar 1951. Reyndist staður duflsins 0,75 sm innan landhelgislínu. Mæling þessi sýnir, að ákærði hefur verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi, og varðar brot hans við þau lagaákvæði, sem í héraðsdómi greinir. Með hliðsjón af núverandi gullgildi íslenzkrar krónu, en það er 13.528 gullaurar, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, en greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og um sakarkostnað í héraði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Það athugast, að samdómendur hefði átt að kveðja til, þegar er rannsókn hófst í málinu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Osmond Johanson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlogmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Neskaupstaðar 17. ágúst 1951.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Osmond Johanson, 39 Queen Mary Ave, Cleethorpes, Linceshire, Englandi, skipstjóra á brezka togaranum Cardiff Castle S. A. 66, til refsingar fyrir ætlað brot á 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 og til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara samkvæmt 3. gr. nefndra laga, sbr. lög nr. 5 frá 1951 og lög nr. 4 frá 1924.

Ákærði, sem náð hefur lögaldri sakamanna, er talinn fæddur í Hull í Englandi 25. apríl 1919 og hefur eigi sætt ákæru eða refsingu, svo vitað sé.

Aðfaranótt miðvikudagsins 15. ágúst s.l. var varðskipið Ægir á leið frá Vopnafirði fyrir Langanes. Þegar varðskipið var stutt suður af Langanesi, urðu varðskipsmenn varir við togara nærri landi.

Segir svo í framlagðri skýrslu skipherrans á Ægi, Þórarins Björnssonar:

„Miðvikudaginn 15. ágúst 1951 var varðskipið Ægir stutt suður af Langanesi. Kl. 0256 sást togari grunsamlega nærri landhelgislinunni. Togaði hann fyrst suður með linunni, en beygði síðan upp á landið.

Stefnu var þá breytt á hann. Kl. 0322 sást í ratsjá, að togarinn mundi vera kominn inn fyrir landhelgislínu og hélt sömu stefnu á land. Sett á fulla ferð.

Kl. 0331 sett stöðvunarmerkiflagg og skotið lausu skoti. Kl. 0332 skotið öðru lausu skoti. Togarinn stanzar. Var hann að toga með stjórnborðsvörpu í sjó. Togarinn reyndist vera Cardiff Castle S. A. 66 frá Swansea.

Kl. 0339 var sett út bauja rétt við togarann, dýpið 40 metrar. Skipstjóri togarans sóttur um borð, nafn Osmond Johanson, fæddur 25. apríl 1919.

Kl. 0402 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við baujuna:

Fagranes

> 73° 12' 0"

Skálar

> 96° 47' 30"

Langanestá

Markrétting — 2' og 2½', sem dregin er frá. Gefur það stað togarans um 0.80 sm innan landhelgislínu. Ratsjárathugun sýndi það sama. Skipstjóranum var nú tilkynnt, að farið yrði með hann til Seyðisfjarðar, en hann kaus heldur að fara til Norðfjarðar, og var það gert.

Mælingin var gerð af skipstjóra og 1. stýrimanni varðskipsins. Vörður var því næst settur um borð í togarann, og kl. 0433 var sett á ferð og haldið til Norðfjarðar.“

Hefur skipherrann staðfest skýrsluna fyrir dómi.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi verið að veiðum, þegar varðskipið tók hann. Hins vegar neitar hann því, að hann hafi verið staddur innan landhelgi. Byggir hann það á því, að hann hafi sjálfur gert staðarákvörðun um borð í skipi sínu, sem hafi sýnt, að hann væri utan landhelgi.

Kveðst hann hafa gert staðarákvörðun sína eftir áttavita, og hafi stefnulinurnar verið NA að N á Langanes og SV hálfur S á Digranes, en hvar á Digranes hann hafi miðað, getur hann ekki skýrt frá.

Þá telur hann að bauju þeirri, sem í skýrslu skipherrans á varðskipinu greinir, hafi verið lagt um það bil 200 „yards“ innan við togarann, þ. e. a. s. landmegin.

Er því mótmælt af yfirmönnum varðskipsins, sem leiddir hafa verið sem vitni.

En þótt svo hefði verið, þá mundi togarinn samt sem áður hafa verið staddur inni í landhelgi samkvæmt miðun varðskipsins.

Þegar ákærði var kominn um borð í varðskipið, þar sem það lá við baujuna, þá var honum boðið að taka staðarákvörðun þar, bæði eftir ratsjá og sextant.

Hann kveðst hafa litið í ratsjána, en hann treysti henni ekki, enda telji Englendingar hana ekki örugga til staðarákvarðana. Þá kveðst hann ekki hafa tekið miðun með sextantinum, en hann hafi hins vegar tekið miðun eftir kompás varðskipsins, og eftir henni hafi hann verið utan landhelgi. Ekki urðu yfirmenn varðskipsins varir við, að hann gerði þar neinar áttavitamiðanir. Samkvæmt vitnisburðum fyrsta og þriðja stýrimanns á varðskipinu og vitnisburði skipherrans sjálfs svo og með skirskotun til framanritaðs þá þykir mega leggja skýrslu skipherrans á Ægi til grundvallar um málsatvik.

Samkvæmt því litur rétturinn svo á, að ákærði hafi gerzt brotlegur við ákvæði 1. gr. laga nr. 5/1920, og varðar það hann refsingu samkvæmt 3. gr. sömu laga sbr. lög nr. 5/1951 um breytingu á þeirri laga-grain sbr. og lög nr. 4/1924.

Með tilliti til þess, hvernig broti ákærða er háttað, þá þykir refsing

hans með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu í dag, þar sem 100 gullkrónur jafngilda nú 738.95 seðlakrónum, hæfilega ákveðin kr. 75.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í sjö mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru í botnvörpunum Cardiff Castle S. A. 66 frá Swansea, skulu vera upptæk og eign Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar. Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Osmond Johanson, greiði kr. 75.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, sem eru í togaranum Cardiff Castle S. A. 66, skulu vera upptæk og eign Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. maí 1952.

Nr. 38/1951. **Ákærvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
 gegn

Þorfinni Jóhannssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Ákæra um manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, hefur ekki tekizt að ná til neinna vitna, er verið hafi sjónarvottar að slysi því, sem mál þetta er risið af, né að akstri ákærða í umrætt skipti, nema að litlu leyti. Eigi er heldur ljóst af öðrum gögnum málsins, hvernig slysið hefur að höndum borið. Á sú staðhæfing héraðsdómarans, að Sigurður heitinn Sveinsson hafi farið af bifreið ákærða, að því er skilja verður við „Spennistöðina“, gengið suður Laugarveg, og ákærði ekið þar á hann, sér ekki stoð í gögnum málsins.